

Alþingi
Erindi nr. P 128/173
komudagur 20.11.2002



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
v/Austurvöll

150 Reykjavík

Reykjavík, 19. nóvember 2002

**Efni: tillaga til þingsályktunar um athugun á orsökum fyrir háu matvæla-
verði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusam-
bandsins, 3. mál**

Samtök iðnaðarins styðja að verðmyndun hérlendis verði borin saman við nágrannalöndin. Gæta þarf þess að taka alla meginþætti til skoðunar.

Samtökin telja tímabært að athuga áhrif viðskiptahindrana, eins og tolla á landbúnaðarvörur og tilvist lítils gjaldmiðils, á verðmyndun hérlendis. Það er engum vafa undirorpið að krónan gerir verðsamanburð ógegnsæjan, verðlag óstöðugt og eykur viðskiptakostnað. Í kjölfar 17 prósentu lækkunar á gengisvísitölu krónunnar milli 1999 og 2002, hækkaði verðvísitala neysluvöru um 17 prósent og launavísitalan um rösklega 24 prósent, sem er margfalt meiri hækkun en hjá flestum viðskiptaþjóðum okkar. Þá þarf að athuga hvaða áhrif tekjustig og flutningsgjöld hafa á verðmun á milli landa. Athugunin leiðir vonandi í ljós þá þætti sem mestu máli skipta í þessu samhengi.

Samtökin styðja þingsályktunartillögu um að orsakir hás matvæla-verðs verði athugaðar.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Þorsteinn Þorgeirsson', written over a horizontal line.

Þorsteinn Þorgeirsson
hagfræðingur SI